# HVAÐ ER Á SEYÐI

## Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Félagsvist í Risinu kl. 14 í dag. Guðmundur stjórnar.

Göngu-Hrólfar fara frá Risinu kl. 10 í fyrramálið. Kaffi á eftir göngu. Göngustjóri er Erna Arngrímsdóttir.

Margrét Thoroddsen er til viðtals í dag. Síðasta sinn fyrir jól. Upplýsingar í s. 558812.

## Félag eldri borgara Kópavogi

Spiluð verður félagsvist og dansað í Félagsheimili Kópavogs í kvöld, föstudag, kl. 20.30. Þöll og félagar leika fyrir dansi. Húsið öllum opið.

## Húnvetningafélagið

Á morgun, laugardag, verður spiluð félagsvist í Húnabúð, Skeifunni 17, og hefst hún kl. 14. Allir velkomnir.

## Skaftfellingar

Síðasti spiladagur fyrir jól verður í Skaftfellingabúð sunnudaginn 3. des. kl. 14. Kl. 16 hefst aðventufagnaður Söngfélags Skaftfellinga með jólasöngvum og kaffihlaðborði.

## Fundur hjá SSH

SSH, Stuðnings- og sjálfshjálparhópur hálshnykkssjúklinga, heldur fund í ÍSÍ-hótelinu, Laugardal, mánudaginn 4. desember kl. 20. Sigurður Helgason frá Umferðarráði er gestur fundarins. Einnig munu tvö ung skáld lesa úr verkum sínum, þeir Ágúst Borgþór Sverrisson og Bragi Ólafsson.

## Happdrætti Bókatíðinda

Vinningsnúmer 1. des. er: 58941.

## Tónleikar í Hallgrímskirkju

Aðventusöngur Karlakórs Reykjavíkur verður í Hallgrímskirkju um næstu helgi, 2. og 3. des. Báða dagana hefjast tónleikarnir kl. 17. Ásamt Karlakór Reykjavíkur kemur Drengjakór Laugarneskirkju fram á tónleikunum. Syngja kórarnir hvor fyrir sig og einnig saman. Með í nokkrum lögum leika Hörður Áskelsson á orgel Hallgrímskirkju, Martial Nardeau á flautu, Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson á trompeta og Daði Kolbeinsson á óbó. Á efnisskrá verða alþekkt jólalög, madrigalar og andleg lög af ýmsu tagi, íslensk og erlend.

Forsala aðgöngumiða er hjá kórfélögum og bókabúðum Eymundsson í Kringlunni og Austurstræti.

## Ásgerður Búadóttir sýnir í Ingólfsstræti 8

Í gær opnaði Ásgerður Búadóttir sýningu á verkum sínum í Ingólfsstræti 8. Ásgerður er löngu landskunn fyrir vefnað sinn. Hún er einn virtasti listamaður landsins og sýningin er hennar 11. einkasýning, sérstaklega unnin fyrir Ingólfsstræti 8.

Sýningin stendur til 22. desember. Ingólfsstræti 8 er opið frá kl. 14-18 alla daga nema mánudaga.

Fuglaverndarfélag Íslands:

## Vettvangsfræðsla

Vettvangsfræðsla um fugla og vernd búsvæða þeirra verður sunnudaginn 3. desember kl. 13.30-15.30 við Skeljungsstöðina í Skerjafirði.

Reyndir fuglafræðingar verða til staðar með fjarsjár og sjónauka. Þeir veita fræðslu hvers konar hvað varðar fuglalíf og greiningu á fuglum mitt í svartasta skammdegi. Það er vægast sagt ótrúlegur fjöldi tegunda fugla sem þrauka með okkur um þetta leyti árs.

Dægradvöl á Álftanesi:

## Listamaður mánaðarins

Lista- og menningarfélagið Dægradvöl stendur fyrir myndlistarkynningu í Haukshúsum á Álftanesi sunnudaginn 3. desember frá kl. 3-6 e.h. Kynntur verður listamaður mánaðarins: Anna Ólafsdóttir Björnsson. Hún sýnir málverk, grafík og saumuð verk. Allir eru velkomnir. Kaffiveitingar verða á góðu verði. Sýningin verður opin til föstudagsins 8. desember á hverjum degi á milli kl. 3 og 6 e.h.

Dægradvöl hefur nýlega fengið Haukshús á Álftanesi til umráða og þar er opið hús einu sinni í mánuði. Félagið hyggst kynna listamann mánaðarins fyrsta sunnudag í hverjum mánuði og er kynningin n.k. sunnudag sú fyrsta í röðinni.

Nýlistasafnið:

## Sextán konur sýna

„Viðhorf, góðar stelpur / slæmar konur“ („Attitudes, good girls / bad women“) er yfirskriftin á síðustu sýningu Nýlistasafnsins í ár. Sextán amerískar konur, allar myndlistarmenn og meðlimir í Artemisia Gallery í Chicagoborg, taka þátt í sýningunni. Sýningin verður opnuð á morgun, laugardag, kl. 16.

Þetta er í fyrsta skipti sem Nýlistasafnið á í samstarfi við sýningarhús vestanhafs. Sýningin er styrkt af Menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar, Menningarstofnun Bandaríkjanna og Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.

Sýningin er opin daglega kl. 14-18 að Vatnsstíg 3B. Henni lýkur 17. des.

Tvær kvennanna verða með fyrirlestra meðan á sýningunni stendur: Marie Ellen Croteau 5. des. kl. 20.30 í Nýlistasafninu, og Susan Sensemann í Myndlista- og handíðaskólanum 11. des. kl. 12.30.




BÍLALEIGA AKUREYRAR

MEÐ ÚTIBÚ ALLT Í KRINGUM LANDIÐ

MUNIÐ ÓDÝRU HELGARPAKKANA OKKAR

REYKJAVÍK 568-6915

AKUREYRI 461-3000

PÖNTUM BÍLA ERLENDIS

interRent Europcar


# LEIKHÚS ● LEIKHÚS ● LEIKHÚS ●

### LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

**SÍMI 568-8000**

**Stóra svið**

**Lína Langsokkur** laugard. 2/12 kl. 14, sunnud. 3/12 kl. 14. sunnud. 10/12 kl. 14. laugard. 30/12 kl. 14.

**Litla svið kl. 20**

**Hvað dreymdi þig, Valentína?**

lau. 2/12. Fáein sæti laus. Síðasta sýning fyrir jól.

föstud. 29/12, laugard. 30/12.

**Stóra svið kl. 20**

**Tvískinnungsóperan** Síðasta sýning laugard. 2/12 aukasýning.

Þú kaupir einn miða og færð tvo.

**Stóra svið kl. 20**

**Við borgum ekki, við borgum ekki** eftir Dario Fo -Föstud. 1/12, síðasta sýning fyrir jól. föstud. 19/12. Þú kaupir einn miða, færð tvo.

---

**Samstarfsverkefni við Leikfélag Reykjavíkur:**

Barflugur sýna á Leynibarnum kl. 20.30:

**Bar par** eftir Jim Cartwright

fös. 1/12, örfá sæti laus. lau. 2/12, uppselt, föstud. 8/12, laugard. 9/12, fáein sæti laus, laugard. 26/12.

**Stóra svið kl. 20.30**

**Tónleikaröð L.R. á Stóra sviði kl. 20.30.**

JAZZÍS þriðjud. 5/12 Miðav. kr. 1000

**Hádegisleikhús** laugard. 2/12 frá kl. 11.30-13.00 á Leynibarnum

Dagskrá tileinkuð Einari Kárasyni - Íslensku mafíunni.

---

GJAFAKORT Í LEIKHÚSIÐ, FRÁBÆR JÓLA- OG TÆKIFÆRISGJÖF!

**Í skóinn til jólagjafa fyrir börnin**

**Línu-ópal, Línu bolir,Línu púsluspil.**

Miðasalan er opin alla daga frá kl. 13-20 nema mánudaga frá kl. 13-17. Tekið er á móti miðapöntunum í síma 568-8000 alla virka daga kl. 10-12.

Greiðslukortaþjónusta.

### ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Sími 551 1200**

**Stóra sviðið kl. 20.00**

**Glerbrot**

eftir **Arthur Miller**

5. sýn. í kvöld 1/12 - 6. sýn. Sunnud 3/12

7. sýn. fimmtud. 7/12

**Stóra sviðið kl. 20.00**

**Þrek og tár**

eftir **Ólaf Hauk Símonarson**

Á morgun 2/12. Uppselt.

Föstud. 8/12. Örfá sæti laus.

Laugard. 9/12. Nokkur sæti laus

**Kardemommubærinn**

eftir **Thorbjörn Egner**

Á morgun 2/12 kl. 14.00 Uppselt

Sunnud. 3/12 kl. 14.00 Uppselt

Laugard. 9/12kl. 14.00 Uppselt

Sunnud. 10/12 kl. 14.00 Uppselt -

Laugard. 30/12kl. 14.00. Uppselt

Óseldar pantanir seldar daglega

**Litla sviðið kl. 20.30**

**Sannur karlmaður**

eftir **Tankred Dorst**

Í kvöld 1/12. Næst síðasta sýning.

Sunnud. 3/12. Síðasta sýning.

**Smíðaverkstæðið kl 20.00**

**Taktu lagið Lóa**

Á morgun 2/12. Uppselt

Miðvikud. 6/12. Uppselt- Föstud. 8/12. Uppselt.

Laugard. 9/12. Uppselt Næst síðasta sýning

Sunnud. 10/12. Uppselt. Síðasta sýning

**Gjafakort í leikhús - sígild og skemmtileg gjöf**

Miðasalan er opin frá kl. 13:00-18:00 alla daga nema mánudaga og fram að sýningu sýningardaga.

Einnig símaþjónusta frá kl. 10:00 virka daga.

**Greiðslukortaþjónusta.**

**Sími miðasölu 551 1200**

**Sími skrifstofu 551 1204**

## Aðsendar greinar

sem birtast eiga í blaðinu þurfa að vera tölvusettar og vistaðar á diskling sem texti, hvort sem er í DOS eða Macintosh umhverfi. Vélritaðar eða skrifaðar greinar geta þurft að bíða birtingar vegna anna við innslátt.

Tíminn


**Sími 5631631**

**Fax: 5516270**

Tíminn


# Dagskrá útvarps og sjónvarps

## Föstudagur
### 1. desember

6.45 Veðurfregnir
6.50 Bæn:
7.00 Fréttir
7.30 Fréttayfirlit
8.00 Fréttir
8.10 Hér og nú
8.30 Fréttayfirlit
8.31 Pistill
8.35 Morgunþáttur Rásar 1 heldur áfram.
9.00 Fréttir
9.03 „Ég man þá tíð“
9.50 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.15 Sagnaslóð
11.00 Fréttir
11.03 Stúdentamessa í kapellu Háskóla Íslands
12.00 Fréttayfirlit á hádegi
12.01 Að utan
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Auðlindin
12.57 Dánarfregnir og auglýsingar
13.05 Hádegisleikrit Útvarpsleikhússins
13.20 Spurt og spjallað
14.00 Fréttir
14.03 Hátíðarsamkoma stúdenta í Háskólabíói á fullveldisdaginn
15.03 Í góðra vina ranni
15.53 Dagbók
16.00 Fréttir
16.05 „Vakið, vakið!“
17.00 Fréttir
17.03 Bókaþel
17.30 Síðdegisþáttur Rásar 1
18.00 Fréttir
18.03 Síðdegisþáttur Rásar 1 heldur áfram
18.48 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Kvöldfréttir
19.30 Auglýsingar og veðurfregnir
19.40 Bakvið Gullfoss
20.15 Hljóðritasafnið
20.45 Blandað geði við Borgfirðinga
21.25 Með kvöldkaffinu.
22.00 Fréttir
22.10 Veðurfregnir
22.30 Pálína með prikið
23.00 Kvöldgestir
24.00 Fréttir
00.10 Danslög
01.00 Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns. Veðurspá

## Föstudagur
### 1. desember
### Fullveldisdagurinn

17.00 Fréttir
17.05 Leiðarljós (284)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Jóladagatal Sjónvarpsins: Á baðkari til Betlehem. 1. þáttur.
18.30 Fjör á fjölbraut (6:39)
19.20 Jóladagatal Sjónvarpsins - endursýning
19.30 Dagsljós
20.00 Fréttir
20.35 Veður
20.45 Dagsljós
21.10 Happ í hendi
21.50 Taggart - Útsendari kölska (3:3) (Taggart - Devil's Advocate) Skoskur sakamálaflokkur. Aðalhlutverk: James MacPherson, Blythe Duff og Colin McCredie. Þýðandi: Kristmann Eiðsson.
22.45 Hrafninn flýgur Íslensk bíómynd frá 1984. Myndin gerist á miðöldum og segir frá ungum Íra sem kemur til Íslands að hefna foreldra sinna og leysa systur sína úr ánauð. Leikstjóri er Hrafn Gunnlaugsson og aðalhlutverk leika Helgi Skúlason, Jakob Þór Einarsson og Egill Ólafsson. Hrafn Gunnlaugsson hlaut sænsku leikstjóraverðlaunin, Gullbjölluna, fyrir þessa mynd árið 1984. Síðast sýnd 1. des. 1990.
00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## Föstudagur
### 1. desember

STÖÐ 2

15.50 Popp og kók
16.45 Nágrannar
17.10 Glæstar vonir
17.30 Köngulóarmaðurinn
17.50 Eruð þið myrkfælin?
18.15 NBA tilþrif
18.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
19.19 19:19
20.25 Lois og Clark (Lois and Clark ) (jólaþáttur)
21.25 Morðmál (A Case for Murder ) Æsispennandi lögfræðingadrama frá 1993. Dómari er myrtur og kona hans ákærð fyrir morðið. Margt bendir hins vegar til þess að lögfræðingurinn sem tekur að sér að verja konuna sé sjálfur sekur um morðið. Að auki hefur eiginkonan fjarvistarsönnun sem hún getur ekki dregið fram í dagsljósið og því getur reynst afar erfitt að sanna sakleysi hennar. Leikurinn æsist og loftið er hlaðið tortryggni og spennu. Aðalhlutverk: Jennifer Grey, Peter Berg og Belinda Bauer.
23.10 Sex fangar (My Six Convicts) Ein gömul og góð. Klassísk mynd um sex fanga sem aðstoða fangelsissálfræðinginn. Einn fanganna sækir um dagsleyfi sem hann ætlar að nota til að brjóta upp bankahólf. Æsispennandi mynd með úrvalsleikurum og góðri persónusköpun. Maltin gefur þrjár stjörnur. Leikstjóri: Hugo Fregonese. Aðalhlutverk: Millard Mitchell, Gilbert Roland, John Beal, Marshall Thompson. 1952.
01.00 Klárir í slaginn III (Grand Slam III) Hardball hefur verið sektaður um 12.000 dali fyrir að tuska til vandræðagemling nokkurn en er fljótur að gleyma því þegar þeir félagar fá nýtt og krefjandi mál í hendur. Gaurinn, sem þeir eiga að klófesta, er giftur gamalli kærustu Gomezar og hún heldur því fram að hann sé hafður fyrir rangri sök. Rannsókn félaganna leiðir ýmislegt undarlegt í ljós. John Schneider og Paul Rodriguez leika Gomez og Hardball. Leikstjóri er Bill Norton. 1990.
02.30 Fóstbræðralag (Blood In, Blood Out) Sagan gerist meðal mexíkóskra Bandaríkjamanna í austurhluta Los Angeles borgar. Hér segir af þremur ungum mönnum, hálfbræðrunum Paco og Cruz og frænda þeirra Miklo, sem hafa alist upp eins og bræður og tengjast sterkum böndum. Aðalhlutverk: Damian Chapa, Jesse Borrego, Benjamin Bratt og Enrique Castillo. Leikstjóri: Taylor Hackford. 1993.
05.25 Dagskrárlok

## Föstudagur
### 1. desember

SÝN

17:00 Taumlaus tónlist
19.30 Beavis og Butthead
20.00 Mannshvarf (3)
21.00 Blástrókur
22.30 Svipir fortíðar (3)
23.30 Kuldaský
01.15 Dagskrárlok

## Föstudagur
### 1. desember

STÖÐ 3

17.00 Læknamiðstöðin
17:50 Brimrót (High Tide) (1:23)
18:35 Úr heimi stjarnanna
19.30 Simpson
19:55 Svalur prins (2:24)
20:20 Lögreglustöðin (2:7)
20.55 Heiðursskjöldur
22.30 Hálendingurinn (2:22)
23.20 Unaðsdauði
00.50 Háski í Beverly Hills
02.20 Dagskrárlok Stöðvar 3